



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

nóvember 2022

Kæru viðtakendur!

Í þessu Fréttabréfi er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í september sl. Einnig er hér erindi Margrétar Guðmundsdóttur sagnfræðings og félaga í AkAk sem hún var með á nýlegu afmælisþingi ReykjavíkurAkademíunnar sem og pistill Sigurgeirs Guðjónssonar sagnfræðings og formanns AkAk.

Góðar stundir!

Hernámsárin á Akureyri

Fjórði og síðasti fyrirlesturinn á þessu ári fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa fór fram 21. október sl. en þá var Jón Hjaltason sagnfræðingur og félagi í AkAk með fyrirlestur á Lögmannshlíð um hernámsárin á Akureyri með fjölda mynda um veru breska hersins í bænum. Vel yfir 40 gestir sóttu fyrirlesturinn. Allt frá árinu 2016 hefur AkAk boðið íbúum heimilanna upp á fyrirlestra sem hafa jafnframt verið opnir fyrir aðra bæjarbúa. Markmiðið er að bjóða upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni með aðgengilegum og áhugaverðum hætti. Norðurorka hf. styrkir fyrirlestraröðina á þessu ári.

Fjölmening á Akureyri

Þann 29. október sl. efndi AkAk til málþings í Hofi um það sem verið er að gera hér í bænum til að auka færni innflytjenda í íslensku og gera þeim kleift að taka virkan þátt í samfélaginu. Þar fór fram samtal fræðimanna, fólks frá fræðslukerfinu og aðilum vinnumarkaðarins, innflytjenda og fleiri. Málþingið heppnaðast vel og sóttu það um 70 til 80 gestir. Hér er [upptaka](#) frá málþinginu en það er hluti af viðburðaröð AkAk á þessu ári í tengslum við 160 ára afmæli Akureyrarbæjar. Markmiðið er að auka framboð á fjölbreyttu og aðgengilegu efni um sögu og menningarlíf á Akureyri og að virkja almenning til þátttöku. Menningarsjóður Akureyrar styrkir viðburðina.

Kynningarbæklingur

Kominn er út litprentaður og myndskreyttur kynningarbæklingur um hlutverk og starfsemi AkureyrarAkademíunnar. Bæklingurinn liggur frammi á ýmsum stöðum á Akureyri og einnig hefur hann verið sendur mörgum aðilum til kynningar og upplýsinga. Fyrirhugað er að gefa bæklinginn líka út á ensku.

Afmælistálfing ReykjavíkurAkademíunnar

Þann 4. nóvember sl. var ReykjavíkurAkademían með tálfing í tilefni af 25 ára afmæli sínu á þessu ári með yfirskriftinni *Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir*. Í framsögum og pallborðsumræðum var dregin upp mynd af starfi og starfsumhverfi sjálfstæðra rannsakenda og bent á leiðir til að styrkja stöðu hópsins og gera mikilvægt framlag til rannsókna í samfélaginu sýnilegt. Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur og félagi í AkAk var meðal þeirra sem voru með erindi á tálfingunni og er það birt á öðrum stað í þessu Fréttabréfi. Hér er [upptaka](#) af tálfingunni.

Fyrstu doktorsnemarnir útskrifaðir frá Háskólanum á Akureyri

Í október fór fyrsta doktorsvörnin fram við Háskólann á Akureyri þegar Karen Birna Þorvaldsdóttir varði doktorsritgerð sína í heilbrigðisvísindum. Doktorsritgerð Karenar Birnu ber heitið *Að skilja og mæla hindranir þess að leita sér hjálpar eftir áfall: Þróun á mælitæki með blönduðum aðferðum*. Í byrjun nóvember fór næsta doktorsvörnin fram í heilbrigðisvísindum við HA en þá varði Hulda Sædís Bryngeirsdóttir doktorsritgerð sína sem ber heitið *Leiðir kvenna til að eflast og vaxa eftir að hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi: Með áherslu á hvetjandi og letjandi áhrifaþætti*. Hulda Sædís vann að rannsókn sinni að hluta til hjá AkureyrarAkademíunni. Við óskum nýbökðuðum doktorum og Háskólanum á Akureyri til hamingju með þennan merkisáfang.

Innanhúsfólk og aðstaða

Mikil og ánægjuleg fjölgun hefur verið í innanhúshópi AkAk á undanförunum mánuðum og vinnur fólk að fjölbreyttum verkefnum eins og áður á ýmsum fag- og áhugasviðum: Grunn-, meistara- og doktorsnám við háskóla, líffræði, nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefnum og sem sjálfstætt starfandi fræðimenn. Fyrir skömmu var ráðist í að bæta aðstöðu innanhúsfólks til að vera í námi og sinna öðrum verkefnum óháð staðsetningu og nýjum búnaði komið fyrir í fundarherberginu í húsnæði AkAk.

Kastljósið

Hér er kastljósinu beint að einum einstaklingi í hópnunum sem hefur aðsetur í húsnæði AkAk og núna er það Sara Stefánsdóttir doktorsnemi.

Undanfarin ár hef ég verið í doktorsnámi samhliða því að starfa sem lektor í iðjuþjálfunarfræði við Háskólann á Akureyri. Nú í haust ákvað ég svo að einbeita mér alfarið að náminu. Það var um miðjan september sem ég kom mér vel fyrir í AkureyrarAkademíunni, ákveðin í að nú skyldi doktorsverkefnið, sem ég hófst handa við fyrir alltof löngu, klárað.

Vinnuheiti áður nefnds verkefnis er *Seinfærir foreldrar: Stuðningur og afskipti félagsþjónustu og barnaverndar í ljósi mannréttinda*. Markmiðið með rannsókninni er að afla þekkingar á hvernig stuðningi fyrir þennan jaðarsetta foreldrahóp er háttað á Íslandi og hvernig hægt sé að tryggja betur rétt þeirra til fjölskyldulífs eins og kveðið er á um í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Rannsóknin er eigindleg og má segja að hún skiptist í þrjá hluta sem varpa ljósi á reynslu og sjónarmið þriggja mismunandi hópa, þ.e. seinfærra foreldra, fagfólks sem starfar m.a. við að veita þessum foreldrahópi stuðning og að lokum réttindagæslumanna fatlaðs fólks. Ég vonast til þess að niðurstöðurnar nýtist til að

bæta stuðning sem seinfærum foreldrum er veittur og um leið verið skref í átt að tryggja betur réttindi foreldra og barna til viðeigandi þjónustu. Einnig er það von mín að verkefnið geti átt þátt í aukinni samfélagsumræðu og vitund um aðstæður þessa foreldrahóps og barna þeirra.

Tvær ritryndar greinar hafa nú þegar birst í tengslum við rannsóknina og er þriðja greinin í smíðum hér í AkureyrarAkademíunni. Fyrir áhugasama má nálgast greinarnar hér:

Sara Stefánsdóttir, Hanna Björg Sigurjónsdóttir and James Rice. (2022). Weapons and Tactics: A Story of Parents with Learning Disabilities maintaining Family Integrity. *British Journal of Learning Disabilities*, 1-8. <https://doi.org/10.1111/bld.12492>

Sara Stefánsdóttir, James Rice, Marjorie Aunos, and David McConnell. (2022). Appropriate Measures? Supporting Parents with ID in the Context of the CPRD. *Scandinavian Journal of Disability Research* 24(1), 29-41. <https://www.sjdr.se/articles/10.16993/sjdr.820/>

Erindi Margrétar Guðmundsdóttur sagnfræðings og félaga í AkAk á afmælistálfingi ReykjavíkurAkademíunnar: Akademónar á Akureyri. Umhverfi og áskoranir.

Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var stofnað á sumardaginn fyrsta árið 2006. Stóra systir fyrir sunnan – ReykjavíkurAkademían var nokkur áhrifavaldur við undirbúning og stofnun félagsins. Fremstur í flokki sunnanmanna var Ágúst Þór Árnason, heitinn. Hann var í undirbúningshóp sem vann að stofnun RA 1997, flutti til Akureyrar eftir aldamótin og vann líka að undirbúningi fyrir stofnun samtaka fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn á Norðurlandi.

Mikilvægasti bakhjarl AkureyrarAkademíunnar á fyrstu árunum var Háskólinn á Akureyri. Í júlíbyrjun árið 2006 var tæpur þriðjungur af glæsilegu húsnæði Húsmæðraskólans að Þórunnarstræti 99 tekinn á leigu hjá Háskólanum á Akureyri. Félagið fékk að sníða sér stakk eftir vexti með stuðningi háskólayfirvalda. Þegar akademíunum fjölgaði voru fleiri rými í húsinu tekin á leigu. Háskólayfirvöld settu aldrei fram ítrustu kröfur um leigutekjur. Félagið gat því boðið vinnuaðstöðu á verði sem var langt undir leiguverði á almennu skrifstofuhúsnæði í bænum. AkureyrarAkademían þjónaði lágláunahóp á lágláunavæði og stjórnarmenn lögðu jafnan mikla áherslu á að bjóða akademíunum ódýrt húsnæði.

Árið 2012 lenti félagið á hrakhólum þegar Akureyrarbær keypti gamla Húsmæðraskólann og tók í sínar þarfir. Verulegur tími og kraftar fóru endurtekið í húsnæðisleit og flutninga á næstu árum. Þetta kom einkum niður á ytra starfi félagsins sem verið hafði litríkt og öflugt í húsinu sem kennt var og er við húsmæður.

Á árunum 2006 – 2021 hafa 97 einstaklingar leigt sér vinnuaðstöðu hjá AkAk, 59 konur og 38 karlar. Allt þar til heimsfaraldur lamaði samfélagið voru konur í meirihluta. Karlar náðu yfirhöndinni í stutta stund sumarið 2021 en hafa látið í minni pokann á síðustu misserum. Sérherbergi eða að minnsta kosti sérskrifborð er enn í dag nauðsynleg forsenda fyrir vinnu kynsystra minna í rannsóknum og annarri sköpun.

Frumkvöðlar akademóna fyrir norðan gerðu ráð fyrir að virkir félagar yrðu flestir fræði- og vísindamenn. Það var engu að síður stefnt að því frá upphafi að skapa einnig vettvang fyrir þá sem höfðu ekki háskólagráðum að flagga – alþýðufræðimenn og listamenn svo dæmi séu tekin.

Fjölbreyttur hópur hefur fundið sér skjól til sköpunar hjá AkureyrarAkademíunni. Námsmenn eru fjölmennastir (eða um 67%) – allir við háskólanám. Litríkur flokkur vísinda-, fræði- og listamanna sem og frumkvöðla hefur líka fundið sér vinnuaðstöðu um lengri eða skemmri tíma. Listamenn voru fjölmennastir á fyrstu árunum þegar flest sérherbergi voru í boði en eftir þeim sóttust listamenn.

Flestir ef ekki allir akademónar eru frumkvöðlar á sínu sviði og vinna að nýsköpun. Í aldarbyrjun voru svokölluð frumkvöðlasetur sett á fót víða um land. Þar var þó ekki gert ráð fyrir sjálfstætt starfandi fræðimönnum. Eftir bankahrunið fjölgaði í hópi frumkvöðla hér á landi og þess sá einnig stað meðal leigjenda AkAk. Langflestir þeirra hafa unnið við hönnun og gerð hugbúnaðar. Akureyrarbær gerði metnaðarfulla tilraun til að koma á fót setri sem kennt var við frumkvöðla árið 2017 og lagði til þess verulega fjármuni. Fáir nýttu þá þjónustu þar til akademónar fengu þar tímabundna aðstöðu vorið 2019. Í ársbyrjun 2020 flutti AkureyrarAkademían í eigið húsnæði að Sunnuhlíð 12. Frumkvöðlasetrið Verksmiðjan var lögð niður skömmu síðar en í dag greiðir Akureyrarbær leigu tveggja frumkvöðla sem hafa aðstöðu hjá AkAk.

Fyrstu starfsárin voru ársverk sjálfstætt starfandi fræðimanna mun fleiri en háskólanema. Jafnvægi náðist loks milli hópanna árið 2011 en sveiflur hafa þó verið nokkrar fram á þennan dag. Háskólanemar stoppa yfirleitt styttra við en kjölfestan í hópi akademóna eru sjálfstætt starfandi fræðimenn. Sagnfræðingar eru fjölmennastir í hópi þeirra síðarnefndu. Þeir hafa alltaf átt fulltrúa í hópi akademóna – þeir einu sem geta státað af því. Flestir hafa sagnfræðingarnir orðið fjórir í einu en aldrei færri en tveir.

Allt frá stofnun hugðist AkureyrarAkademían verða aflvaki rannsókna, miðla vísindum og fræðum og stuðla að umræðum. Stefnt var að því að skapa þverfaglegt tengslanet og tengja saman ólíka hópa. Á fjölmörgum viðburðum árána 2006 – 2021 var teft saman ríflega 250 einstaklingum, fólki úr ýmsum atvinnugreinum, fræðum, vísindum og listum. Alþýðufræðimenn, gráðum prýddir háskólamenn, listamenn, bændur, matreiðslumenn, handverksfólk og fleiri hafa þannig fengið tækifæri til að rækta fræði sín og hugðarefni.

Þegar augum er rennt yfir þá ríflega 150 viðburði sem AkAk hefur staðið fyrir er fjölbreytnin undraverð. Þar má nefna bókakynningar, fyrirlestra, námskeið og sýningar en einnig gjörninga, gönguferðir og leiklestra. Rannsóknum hefur vissulega oftast verið miðlað með erindum á málþingum eða í fyrirlestraröðum. Nýstárlegri aðferðir hafa þó einnig verið notaðar til að koma efni á framfæri. Á aðventunni 2012 var til dæmis boðið upp á leiklesinn alþýðufyrirlestur í Samkomuhúsinu.

Háskólamenn eru margir þaulvanir að tala við samstarfsmenn á sama sviði en eiga iðulega erfiðara með að koma þekkingu til almennings. Það er áskorun að kynna niðurstöður rannsókna úr fílabEinsturninum og nauðsynlegt að finna nýja leiðir í því mikilvæga starfi. AkureyrarAkademían hefur í ytra starfi sínu þjónað öllum aldurhópum allt frá börnum til elstu íbúa sveitarfélagsins. Viðburðir í þágu þeirra síðarnefndu hófust árið 2016 þegar farið var að bjóða upp á fyrirlestraröð á öldrunarheimilum í bænum.

Ljósmyndir gegna þar oftast mikilvægu hlutverki en stöku sinnum hefur söng og kveðskap verið fléttað inn í erindi.

Afkomukvíði og takmarkað atvinnuöryggi einkennir stöðu sjálfstætt starfandi fræðimanna á Akureyri. Samkeppnissjóðir duga skammt hvað þá þeir staðbundnu. Margir sinna því öðrum störfum samhliða rannsóknum ýmist hlutastörfum eða árstíðabundnum verkefnum t.d. við ferðapjónustu. Starfsemi AkureyrarAkademíunnar hefur gegnt mikilvægu hlutverki við uppbyggingu þekkingarsamfélags á Norðurlandi. Samfélag ólíkra einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn skapar möguleika á frjóu samtali og andrúmslofti. Slíkt umhverfi er ómetanlegt fyrir einyrkja svo ekki sé talað um háskólanema. Sú deigla þekkingar og reynslu sem varð til innan AkAk hefur kveikt fjölmargar hugmyndir og verkefni sem hafa augað mannlíf og menningarstarf í nærsamfélaginu fyrir norðan. Þar liggja mikilvægustu afrek fyrstu 15 árána. AkureyrarAkademían er komin til að vera.

AkureyrarAkademían og samfélagið. Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur og formaður AkureyrarAkademíunnar skrifar.

Það er öflugur hópur sem hefur aðstöðu hjá AkureyrarAkademíunni hverju sinni til að sinna fjölbreyttum verkefnum, námi og öðrum fræði- og ritstörfum. Við hittumst reglulega á kaffistofunni og segjum frá því sem verið er að vinna að og ræðum um starf Akademíunnar. Það er dýrmætt fyrir hópinn að njóta félagsskapar og stuðnings.

En félagar Akademíunnar telja líka mikilvægt að miðla þekkingu til samfélagsins með því að bjóða almenningi upp á fjölbreytilega viðburði og stuðla að umræðum. Allt frá stofnun árið 2006 hefur Akademían staðið fyrir meira en 150 viðburðum hér í bænum þar sem lögð hefur verið áhersla á að tengja saman ólíka hópa og virkja almenning til þátttöku. Fjölbreyttir viðburðir hafa þjónað öllum aldurshópum og sérstök áhersla verið lögð á að sinna eldri borgurum.

Á síðustu Akureyrarvöku stóð Akademían fyrir *Skólasögustrætó* í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri og Strætisvagna Akureyrarbæjar þar sem boðið var upp á leiðsögn um menntun og frístundir barna á Akureyri fyrstu 100 árin í sögu bæjarins. Margir sóttu viðburðinn á sólríkum sunnudegi og rifjuðu upp minningar sínar úr skólagöngunni.

Í október var fjölmennt málþing í Hofi undir yfirskriftinni, *Fjölmennig á Akureyri: Innflytjendur og íslenskan*. Þar fór fram samtal fræðimanna, fólks í fræðslukerfinu, aðila vinnumarkaðarins, innflytjenda og fleiri um það sem verið er að gera hér í bænum til að efla færni innflytjenda í íslensku og gera þeim kleift að taka virkan þátt í samfélaginu. Þar var ekki síst mikilvægt að leita til innflytjenda sjálfra um að taka þátt í samtalinu og segja frá sinni reynslu. Málþingið kemur vonandi að gagni sem víðast í frekari vinnu að þessum mikilvægu málum.

Félagar Akademíunnar líta ekki á sig sem sérfræðinga á þessu sviði frekar en öðrum samfélagsmálum sem eru í deiglu á hverjum tíma. Leiðarstefið er fyrst og fremst að bjóða upp á vettvang fyrir samtal og skoðanaskipti um mál sem eru ofarlega á baugi í samfélaginu og að virkja fólk til þátttöku.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <http://www.akak.is/>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrimsdóttir akak@akak.is